

8. október 2020

## **Yfirlýsing vegna námsmats í háskólum á tímum COVID-19**

Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍS, biðla til stjórnenda háskólanna að leita allra leiða til þess að bjóða upp á annarskonar námsmat en próf á prófstað, fyrir þau sem það kjósa.

Það hefur verið krafa LÍS frá byrjun faraldursins að boðið verði upp á staðnám eins og hægt er, en að hver og einn skuli eiga möguleiki á því að taka fullan þátt í sínu námi í fjarnámi. Krafan um að boðið sé upp á staðnám er auðvitað háð því að gætt sé að sóttvörnum eftir tilmælum sóttvarnarlæknis. En það skal vera val hvers og eins stúdents og starfsmanns hvort þau mæti í eigin persónu. Það er eðlilegt að stúdentar meti hverju sinni eftir þeim tilmælum og upplýsingum sem berast frá yfirvöldum hvort þau treysti sér til þess að mæta í staðnám enda kunna nemendur sjálfir eða aðstandendur þeirra að vera í áhættuhóp. Þar sem að smitum fer ört vaxandi í samfélaginu undanfarna daga virðast æ fleiri kjósa að stunda nám sitt heiman frá.

### **Áhættuhópar, erlendir nemar og hinn almenni stúdent**

Raunverulegur möguleiki stúdenta til að stunda fjarnám er mikilvægt jafnréttismál. Heimsfaraldurinn gerir mörgum stúdentum erfitt fyrir að mæta en þau sem geta ekki mætt í staðnám skulu samt eiga kost á því að stunda nám. Einstaklingar í áhættuhópum eiga engan kost á því að mæta í próf á prófstað og hinn almenni stúdent getur lent í því með litlum fyrirvara að smitast eða vera sendur í sóttkví. Erlendir stúdentar í Háskóla Íslands safna [undirskriftum til stuðning kröfu um rafræn próf](#), til þess að þeir geti stundað nám sitt í sínu heimalandi. Eðlilegt er að erlendir stúdentar vilji vera þar sem þeir hafa stuðningsnet og fjölskyldu á þeim erfðu tímum sem við búum við núna, og er það enn önnur ástæða fyrir því að rafrænt námsmat skuli vera í boði.

## Meiri fyrirvari

Sóttvarnarreglur breytast oft og án mikilla fyrirvara, og sem afleiðing af því breytast reglur um skólahald einnig ört. Það er kominn tími til þess að gera ráðstafanir með meiri fyrirvara. Það mun gera stúdentum auðveldara fyrir að skipuleggja nám sitt og líf ef ákveðið er með góðum fyrirvara hvernig fyrirkomulag námsmats í lok annar verður. Fyrirkomulag námsmatsins verður að vera raunverulega aðgengilegt öllum óháð því í hvaða stöðu þau eru vegna faraldursins.

## Nauðsynlegt að bjóða upp á fjarpróf

Próf og námsmat eru óaðskiljanlegur hluti kennslunnar. Það er óásættanlegt að gerð sé ófrávíkjanleg krafa um að stúdentar mæti á prófstað til að taka próf. Það er ekki nóg að boðið sé upp á að taka sjúkrapróf séu einstaklingar ófærir um að mæta á venjulegum próftíma, sú lausn ýtir vandamálinu bara á undan sér. Fjarpróf verða því að vera gerð að valkosti fyrir nemendur. Það er mikil áskorun að aðlaga kennslufni og námsmat að fjarnámi með stuttum fyrirvara, en leita verður annarra leiða til að meta námsárangur en með prófum á prófstað. Við trúum og treystum því að fagfólk háskólanna geti fundið lausnir. Til eru fleiri aðferðir en staðpróf við að meta árangur í námi: fjarpróf, símat, fleiri minni verkefni, lokaverkefni og lokaritgerðir. Gagnapróf eru raunhæfur og skilvirkur kostur þegar um fjarpróf eru að ræða. Hvernig sem námsmatinu er háttað, þá á að ríkja traust og gagnkvæm virðing í námsmatsfélagi. Stúdentum á að vera treyst fyrir því að stunda sitt nám af heilindum.

## Álag á kennara

Faraldurinn sjálfur, og þær breytingar á kennslufyrirkomulagi sem honum fylgja, valda álagi á kennara. Þeir þurfa að nota meiri tíma og aðrar aðferðir við undirbúning, kenna minni hópum í einu, og þá oftast, og mikil yfirvinna bætist óvænt við í hvert skipti sem reglur um skólahald breytast. Það er því þörf á auknu fjármagni til háskólanna ekki bara vegna aukinnar aðsóknar heldur einnig vegna aukins álags á starfsfólk, til að þau fái greitt fyrir sín störf með sanngjörnum hætti. Nægur stuðningur við starfsfólk háskólanna er lykilatriði í að tryggja gæði á þessum umrótartímum. Þá bera stjórnendur háskólanna mikla ábyrgð, enda nauðsynlegt að gefa nemendum og starfsfólki skýr svör sem fyrst um námsmat annarinnar.



### **Lokaorð**

„Að lifa með veirunni” getur haft margvíslega merkingu eftir því hvaða starfsemi um ræðir og hver staða smita er hverju sinni. Það er mikilvægt að halda starfi háskólanna gangandi, en ekki skal setja fólk í þá stöðu að velja milli námsins og heilsu sinnar.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

A handwritten signature in black ink that reads 'Jóhanna Ásgeirsdóttir'. The script is cursive and fluid.

*Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti*